



Við undirrituð, íbúar og fasteignaeigendur á Hafravöllum og Fléttuvöllum mótmælum deiluskipulagsbreytingu sem fyrirhuguð er fyrir Hafravelli 18-20.

Samkvæmt grenndarkynningu Hafnarfjarðarbæjar sem send var íbúum Hafravalla og Fléttuvalla í apríl mánuði er eftirfarandi breyting fyrirhuguð:

*Hafravellir 18-20 er skráð sem parhúsarlóð og er þannig samkvæmt deiluskipulagi í dag. Breytingin felur í sér að heimilt verði að breyta parhúsarlóðinni í raðhúsalóð og byggja raðhús með þremur íbúðum í stað parhúss.*

Íbúar Hafravalla og Fléttuvalla eru andvígir þessari breytingu og benda á eftirfarandi máli sínu til stuðnings:

- Samkvæmt núverandi deiluskipulagi eru Hafravellir skipulagðir þannig að einbýlishús eru öðrum megin og parhúsalóðir á móti. Við teljum það hafa neikvæð áhrif á ásýnd götunnar að planta einni raðhúsalóð í miðri götu í miklu ósamræmi við núverandi skipulag.
- Núverandi deiluskipulag gerir ráð fyrir 2 húsum og hvert hús um 168m<sup>2</sup>. (2\*168m<sup>2</sup>). Með breyttu skipulagi er fyrirhugað að byggja 3 hús þar sem hvert hús er um 152m<sup>2</sup> (3\*152). Ljóst er að mikil eftirspurn er eftir húsnæði á Völlum og fasteignaverð hefur farið hækkandi í hverfinu. Teljum við sama markhóp vera fyrir húsnæði sem er 168m<sup>2</sup> og 152m<sup>2</sup>. Því má leiða líkur að því að það sem drífur þessa breytingu áfram er einfaldlega vilji verktaka til að græða meira á verkinu og þá á kostnað okkar íbúanna.
- Með ætlaðri byggingu á raðhúsi á lóð færast húsnæði nær nærliggjandi lóðum. Má ætla að skuggamyndun verði meiri á nærliggjandi hús fyrir vikið. Einnig gengur það á núverandi skipulag sem liggur fyrir varðandi ásýnd Hafravalla og núverandi eigendur gengu út frá við kaup á húsnæði.

- Raðhúsalóð með 3 húsum kallar auðvitað á aukna umferð á Hafravöllum. Gera má ráð fyrir að á hverju heimili séu 2-3 bílar. Hafravellir er mikil barnagata og með aukinni umferð aukast líkur á umferðarslysum.
- Staða grunnskóla- og leikskólamála í hverfinu er ekki góð og styður alls ekki við aukinn íbúðarfjölda í hverfinu.

Með undirskrift okkar íbúanna á Hafravöllum og Fléttuvöllum gerum við alvarlegar athugasemdir og mótmælum fyrirhugaðri deiluskipulagsbreytingu fyrir Hafravelli 18-20.

Nafn	Heimilisfang
Asrún H. Finnsdóttir	Hafravellir 10
Harri A. Harriðsson	Hafravellir 10
Jensson 41	Hafravellir 12
Vardis Guð	Hafravellir 8
Guðlaugur Símannsson	Hafravellir 8
Valgerður Ósk Ómarsdóttir	Hafravellir 14
Guðga Valtberg	Hafravellir 14
Baldur Páll Lúbertsson	Hafravellir 23
Hjördís Ósk Hjartardóttir	Hafravellir 23
Magnús Jónsson	Hafravellir 3
Atíma Húf	HAFRAV. 5
Þurgríður Kristján	11 5
Sólmi Ólafsdóttir	Hafravellir 7
Bæni P	Hafravellir 11
Eysteinn Harri Sigurðsson	Hafravellir 13

Sigríður D. Þórodd	Hafsvellir 13
Þingi Halldórnsson	Hafsvellir 15
Ánita Ómarsd.	Hafsvellir 19
<sup>32</sup> Ornólfur Elfer	Hafsvellir 19
JONNA SNERRAD	Hafsvellir 16

framhald →

